

má verja nokkru af þeim til styrktar starfsemi Lúðrasveitar Reykjavíkur og Skátafélags Reykjavíkur. **80**

27. maí

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 11. apríl 1948.

AUGLÝSING

81

1. júní

um staðfestingu á skrám yfir lyf, sem teljast til nr. 57 og 58 í 28. kafla tollskrárinnar.

Hér með staðfestast skrár þær, sem birtar eru í II. bindi „Vöruhandbókar með tilvitnunum í lög um tollskrá o. fl.“, Reykjavík 1947, bls. 106—249, yfir lyf, sem teljast til nr. 57 og 58 í 28. kafla 1. gr. laga nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og skulu ekki aðrar vörur en taldar eru í skrám þessum teljast til þeirra tollskrárnúmera, nema samþykki ráðuneytlisins komi til, en ráðuneytið auglýsir í B-deild stjórnartíðindanna viðauka og aðrar breytingar á skrám þessum.

Jafnframt er úr gildi numin skrá nr. 74/1940, yfir lyf, sem falla undir nr. 57 í 28. kafla tollskrárinnar.

Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1948.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Mývetninga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1948. **82**

7. júní

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóð Mývetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Mývetninga. Hann er stofnaður árið 1912 af ungmennafélaginu Mývetningur með kr. 100.00 til minningar um látna félag. Síðan hefur ungmennafélagið aukið sjóðinn með nokkrum hluta árlegra tekna sinna. Minningar-gjafir um dána menn hafa sjóðnum borizt að upphæð kr. 625.00. Árið 1935 samþykkti hreppsfundur í Skútustaðahreppi, að til sjóðsins skyldu renna kr. 2440.00, en það er meiri hluti brunabótasjóðs hreppsins, sem honum féll þá til eignar, er ný landslög um brunatryggingar gengu í gildi. Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 4015.51, þar af kr. 1465.51 í sparissjóðsbók nr. 184 í Sparissjóði K.Þ. í Húsavík og kr. 2550.00 í Innlánsdeild K.Þ. í Húsavík.

2. gr.

Sjóðurinn er sameign hreppsúa í Skútustaðahreppi, en hagnýta má hann þó aðeins á þann hátt, sem skipulagsnskrá þessi mælir fyrir um.